



Safnaðarblað Akureyrarkirkju

5. tbl. 24. árgangur

Nóvember 2007

Sjáumst í kirkjunni í desember!



Að venju verður nóg um að vera í Akureyrarkirkju í jólamánuðinum.

Á fyrsta sunnudag í aðventu verður messa kl. 11 og síðan aðventukvöld kl. 20 þar sem Ingibjörg Svafa Sigurlaugsdóttir, safnvörður í Laufási, flytur hugvekju. Jólaheimsóknir grunn- og leikskólanema eru einnig meðal fastra liða í kirkjunni á þessum tíma. Hinir geysivinsælu Jólasöngvar Kórs Akureyrarkirkju verða síðan sunnudaginn 16. desember og loks hefðbundið helgihald um jól og

áramót. Kirkjan er áningarstaður margra um aðventu og jól. Jólaboðskapurinn og jólasálmarnir eiga greiðan aðgang að okkur og eru algjörlega ómissandi í undirbúningnum. Við viljum gjarnan á þessum tíma anda að okkur helgi og fegurð. Í dagskrá helgihaldsins í desember ættu allir að finna eitthvað við sitt hæfi. Njótum þess að vera saman og eiga uppbyggjandi stundir með fjölskyldunni. Sjáumst í kirkjunni!

óhó

Ný kirkjumiðstöð á Akureyri

Kirkjubær, ný kirkjumiðstöð á Akureyri, verður opnuð við Ráðhústorgið á Akureyri laugardaginn 1. desember kl. 16 með stuttri blessunarathöfn. Þá verður ljósmyndasýningin, Hjálparstarf í Darfúr skilar árangri, opnuð. Ljósmyndarinn Paul Jeffrey tók myndirnar. Jónas Þórisson, framkvæmdastjóri Hjálparstarfs kirkjunnar mun kynna sýninguna. Boðið verður upp á kakó og piparkökur fram á kvöld af starfsfólki og sjálfboðaliðum. Öllum er velkomið að líta inn.

Kirkjubær er samstarfsverkefni Víglubiskupsembættisins á Hólum, Eyjafjarðarprófastsdæmis og Æskulýðssambands kirkjunnar. Þar verður hægt að skoða efni frá Skálholtsútgáfunni og fá upplýsingar um kirkjustarfið. Opnunartími verður kl. 11-15 alla virka daga í desember.

Í Kirkjubæ munu starfa: Jóna Lovísa Jónsdóttir umsjónarmað-

ur Kirkjubæjar og fulltrúi ÆSKP, Guðmundur Guðmundsson héraðsprestur og Ásta Garðarsdóttir umsjónarmaður vinaheimsókna. Auk þess munu prófastur Eyjafjarðarprófastsdæmis og víglubiskup hafa þar aðstöðu. Frekari upplýsingar á vef Eyjafjarðarprófastsdæmis og í síma 462 6680.

Fyrsta verkefnið í Kirkjubæ verður sýning á ljósmyndum eftir Paul Jeffrey. Hann starfar fyrir Alþjóðaneyðarhjálp kirkna, ACT, sem Hjálparstarf kirkjunnar er aðili að. Ljósmyndirnar voru teknar í Darfúrhéraði í Súdan í júlí 2007 og telur heildarsýningin um 230 ljósmyndir. Þrjátíu myndir verða sýndar í þrem hlutum í Kirkjubæ og safnaðarheimilum Gleráarkirkju og Dalvíkurkirkju í desember til að segja sögu íbúa Darfúr. Utanríkisráðuneytið og Hjálparstarf kirkjunnar létu gera þessa sýningu og vilja með því sýna fram á þann árangur sem framlag



Íslendinga hefur skilað í Darfúr. Þar sem Íslendingar hafa lagt verkefninu lið með 12 milljónum króna er mikilvægt að almenningur fái að fylgjast með hvernig fjármunum er varið. Paul Jeffrey hefur náð að segja þessa sögu í myndum á áhrifaríkan hátt en sjón er sögu ríkari.

*Með bestu kveðju,
Guðmundur Guðmundsson
Héraðsprestur
í Eyjafjarðarprófastsdæmi*

Jólasöngvar Kórs Akureyrarkirkju 16. desember kl. 17 og 20

Nýr organisti við Akureyrarkirkju

Þann 1. september sl. var Sigrún Magna Þórsteinsdóttir ráðin organisti við Akureyrarkirkju. Safnaðarblaðið náði tali af henni og spurði hana um uppruna, nám og störf.

Ég er fædd þann 2. ágúst 1973 á Akureyri en ólst upp í Grýtubakkahreppi, á bænum Bárðartjörn. Ég er númer þrjú í röðinni af fjórum systkinum. Ég gekk í skóla á Grenivík en fór eftir það í Menntaskólann á Akureyri og útskrifaðist þaðan af málabraut.

Ástæðan fyrir því að ég hóf tónlistarnám átta ára gömul er ekki flókin. Ég var að herma á eftir vinkonu minni sem hafði fengið leyfi til að læra á orgel. Með lagni tókst mér að senda móður mína í aukavinnu yfir jólin og kaupa hljóðfæri fyrir peningana. Námið hófst svo í janúar og ég man vel eftir fyrsta tímanum hjá Björgu Sigurbjörnsdóttur. Hann var mikil upplifun og öll fyrsta önnin var dásamleg. Ég spilaði og spilaði á nýja Yamaha rafmagnsorgelið og lærði hverja tónsmíðina á fætur annari.

Árin liðu, Yamaha rafmagnsorgelinu var skipt út fyrir píanó, þverflauta bættist við á unglingsárnum og eftir að menntaskóla lauk fór ég að læra á alvöru pípuorgel með pedal hjá Birni Steinari í Akureyrarkirkju.

Leiðin lá svo til Reykjavíkur í Tónskóla Þjóðkirkjunnar í kirkjutónlistarnám og þar bættist við söngnám, kórstjórn og

fleira. Náminu lauk með kantorsprófi og einleiksáfangi.

Organistastarfið er mjög fjölbreytt og organistinn þarf að vera fær um fleira en



bara að spila á orgel og stýra kóræfingum. Það er mikil skipulagsvinna fólgin í starfinu og talsvert ólík vinna að halda utan um og vinna með barnakór heldur en kirkjukór. Mér fannst alltaf að ég ætti svo margt ólært, þrátt fyrir að hafa verið í fullu organistastarfi með skólanum og ákvað loksins eftir nokkurra ára umhugsun að skella mér til Kaupmannahafnar, í hinn konunglega tónlistarháskóla, í meira nám.

Hér er ég enn við nám og hef, fyrir utan orgelspilamennskuna, lagt talsverða áherslu á barnakórastarf. Við skólann eru starfandi úrvals kennarar og námið frábært. Stundum fæ ég þó á tilfinninguna að ég sé á endalausum jólahlaðborði og geti bara ekki innbyrt meira, sama hversu marga girnilega rétti ég á eftir að smakka.

Hvers vegna Akureyrarkirkja?

Síðasta sumar leysti ég Eyþór af í barneignafríinu hans og gat þar með sameinað vinnu og samveru með fjölskyldu og vinum í Eyjafirðinum yfir sumarið. Strax á fyrstu vikunni áttaði ég mig á að Akureyrarkirkja er einstakur vinnustaður. Ég átti frábært sumar og þegar organistastarfið var auglýst þá sótti ég um.

Mér finnst þó mikilvægt að ljúka námi og tel það vera hag kirkjunnar að fá annan vel menntaðan organista til starfa. Næstu átján mánuði mun ég því búa í Kaupmannahöfn og vera í hlutastarfi við kirkjuna. Starfinu sinni ég með skipulagsvinnu í gegn um internetið og með því að koma heim á álagstímum organistans, um jól, páska og sumar. Nú styttist í aðventuna, jólasveinana og heimkomu mína. Ég kem um miðjan desember og hlakka til að spila með kirkjukórnum á jólasöngvunum þann 16. desember. Við hjónin hlökkum líka til jólanna í faðmi fjölskyldunnar.

Nýir höklar



Þessi fallegi hökull sem sr. Jóna Lísar í var henni gefinn, af Herder Anderson Hlíðar. En Herder gaf hökulinn til minningar um bræður Guðbrand og Jóhann Hlíðar, sem ólust upp og bjuggu hér í bæ og voru Akureyringum að góðu kunnir.

Hökullinn var tekinn í notkun í messu sunnudaginn 22. júlí sl.

Hann er persónuleg gjöf til sr. Jónu Lísu, en mun eftir hennar dag verða eign

Akureyrarkirkju. Hökullinn er úr atlasilki og allur handsaumaður af gefandanum. Blómin er tákn fyrir trú von og kærleika og frá krossinum geislar kraftur og kærleikur Krist.

Í lok messunnar afhenti Herder einnig bláan hökul, en hann er ætlaður fyrir jólaföstuna, hann er einnig handsaumaður og úr sama efni.

Vígsla kapellu FSA

Föstudaginn 14. desember kl. 14.30 verður kapella Sjúkrahússins á Akureyri vígð. Kapellan er á 1. hæð sjúkrahússins á milli Myndgreiningardeildar og nýju álmunnar. Skrifstofur prests og djákna eru við hlið kapellunnar.

Oddfellowstúkan nr. 2 Auður á Akureyri hefur gefið allan búnað í kapelluna. Arkitekt er Fanney Hauksdóttir en listafólk og hagleikssmiðir



hér í bæ aðstoðuðu við hönnun og önnuðust gerð muna og búnaðar.

Kapellan er öllum opin og ætluð sem athvarf þeim sem vilja draga sig í hlé frá erli dagsins, biðja fyrir sér og/eða sínum eða njóta kyrrðar. Vikulegar fyrirbænastundir eru á miðvikudögum kl. 11.15 og eru allir velkomnir.

*Sr. Guðrún Eggertsdóttir
Valgerður Valgarðsdóttir, djákni.*

Barna- og unglíngastarfið

Frábær þátttaka hefur verið í barna- og unglíngastarfinu í vetur og krakkarnir virkir í safnaðarstarfinu.

Bæði TTT (tíu til tólf ára) og ÆFAK (æskulýðsfélagið) hafa farið á mót í vetur og þátttaka var mjög góð.

Í október fóru stúlkurnar úr æskulýðsfélaginu á Landsmót Þjóðkirkjunnar sem nú var haldið á Hvammstanga. Yfirskrift mótsins var: Ljós á vegum mín- um. Um 300 unglíngar voru á mótinu og fór það vel fram. Talsvert var fjallað um hina nýju biblíupýðingu og fengu

öll æskulýðsfélögin afhenta að gjöf nýja Biblíu.

Fyrstu helgina í nóvember fór síðan TTT á Stórutjarnir en þar hélt ÆSKEY sitt þriðja TTT-mót. Frábær þátttaka var að þessu sinni, krakkar frá Glerárkirkju og Möðruvallarklaustursprestakalli voru með að þessu sinni. Þema mótsins var Í fótspor Davíðs þar sem við fjölluðum um Davíð og kynntumst sögunum um hann. Allir krakkarnir unnu með stutta sögur og voru sett á svið nokkurs konar „örleikrit“ fyrir hópinn. Mótinu lauk



laugardaginn 3.nóv. með guðsþjónustu í Þorgeirskirkju þar sem hjónin sr. Gylfi og sr. Sólveig Lára tóku á mótí börnunum.

Starfsfólk barnastarfsins þakkar krökkunum fyrir frábæra samverur og hlakkar til áframhaldandi samfélags. Sérstaklega er gaman að finna áhuga hjá börnum og unglíngum til þátttöku í helgihaldi í kirkjunni en margir hafa sýnt áhuga og vilja til að aðstoða í fjölskylduguðsþjónustum til að mynda. Þarna eru ef til vill á ferð æskulýðsleiðtogar framtíðarinnar.



Björn Steinar Sólbergsson kveður Akureyrarkirkju



Sunnudaginn 18. nóvember síðastliðinn var Björn Steinar Sólbergsson, organisti, kvaddur við messu í kirkjunni.

Rúma tvo áratugi starfaði Björn Steinar sem organisti Akureyrarkirkju. Þeim störfum gegndi hann af einstakri trúmennsku og alúð. Ekki lét hann þar við sitja að leika á orgel kirkjunnar og stjórna kórum hennar. Björn Steinar var afkastamikill menningarfrömuður og frumkvöðull á því sviði hér í bæ. Bæði kirkjulistavika í Akureyrarkirkju og ár-

vissir sumartónleikar eru meðal afreka hans.

Fyrir um helgina var Birni Steinari og eiginkonu hans, Hrefnu Harðardóttur, haldið veglegt kveðjuhóf, en þau hjón bæði hafa verið kirkjunni ómetanleg. Er þeim þakkað fyrir öll þeirra góðu störf, fórnfýsi og velvilja.

Björn Steinar hefur tekið við starfi organista í Hallgrímskirkju í Reykjavík. Ennfremur mun hann veita Tónskála Þjóðkirkjunnar forstöðu.

Söfnuður Akureyrarkirkju sendir honum blessunaróskir og óskar honum gæfu á nýjum starfsvettvangi.



Nokkrir félagar úr Kór Akureyrarkirkju tóku lagið.

Starfið í Akureyrarsókn á næstunni

Messur

Desember

2. desember, 1. sunnudagur í aðventu
Sunnudagaskóli í Safnaðarheimili
kl. 11.00.

Guðsþjónusta í Akureyrarkirkju
kl. 11.

Stúlknað Akureyrarkirkju syngur.

Sr. Svavar A. Jónsson

Súpa og brauð í Safnaðarheimili.

Aðventukvöld Akureyrarkirkju

kl. 20.00.

Kór Akureyrarkirkju syngur.

Ræðumaður: Ingibjörg Siglaugsdóttir
í Laufási

6. desember, fimmtudagur

Samvera eldri borgara í Safnaðarheimili kl. 15.00.

9. desember, 2. sunnudagur í aðventu

Sunnudagaskóli í Safnaðarheimili
kl. 11.00.

Guðsþjónusta í Akureyrarkirkju
kl. 11.00.

Sr. Svavar A. Jónsson

Súpa og brauð í Safnaðarheimili.

16. desember, 3. sunnudagur í aðventu

Aðventuhátíð barnanna kl. 11.00.

Jólasöngvar Kórs Akureyrarkirkju
kl. 17.00 og 20.00.

Sunnudagurinn 23. desember,

Porláksmessa

Guðsþjónusta í kapellu Akureyrar-
kirkju kl. 11.00.

Sr. Óskar Hafsteinn Óskarsson

24. desember, aðfangadagur

Aftansöngur í Akureyrarkirkju
kl. 18.00.

Sr. Óskar Hafsteinn Óskarsson

Miðnæturmessa í Akureyrarkirkju
kl. 23:30.

Sr. Svavar A. Jónsson

25. desember, jóladagur

Hátíðarmessa í Akureyrarkirkju
kl. 14.00.

Sr. Óskar Hafsteinn Óskarsson

Guðsþjónusta á Hlíð kl. 16.00.

Sr. Óskar Hafsteinn Óskarsson

26. desember, annar í jólum

Fjölskyldumessa í Akureyrarkirkju
kl. 11.00.

Sr. Sólveig Halla Kristjánsdóttir

Guðsþjónusta á Kjarnalundi
kl. 15.00.

Sr. Svavar A. Jónsson

Hátíðarguðsþjónusta í Minjasafns-
kirkjunni kl. 17.00.

Sr. Svavar A. Jónsson

Sunnudagurinn 30. desember

Æðruleysismessa í Akureyrarkirkju
kl. 20.00.

Sr. Sólveig Halla Kristjánsdóttir

31. desember, gamlársdagur

Aftansöngur í Akureyrarkirkju
kl. 18.00.

Sr. Svavar A. Jónsson

Janúar

1. janúar 2008, nýársdagur

Hátíðarmessa í Akureyrarkirkju
kl. 14.00.

Sr. Óskar Hafsteinn Óskarsson.

Fastir liðir vikunnar

Mánudagar: **Foreldraást-vímulaus æska kl. 20:00**
Sóknarnefndarfundir eru fyrsta mánudag hvers mánaðar.

Þriðjudagar: **Fermingarfræðsla**
Hópur I kl. 15 - 17
Hópur II kl. 16 - 18
Hópur III kl. 15:30 - 17:30

Miðvikudagar: **Mömmumorgunn** kl. 10 - 12
Kirkjuprakkarar kl. 15:30 - 16:30
TTT kl. 17 - 18
ÆFAK kl. 20 - 21

Fimmtudagar: **Kyrrðar- og fyrirbænastund** kl. 12.
Léttur hádegisverður á vægu verði
í Safnaðarheimili.

Jólasöngvar Kórs Akureyrarkirkju

Hinir geysivinsælu jólasöngvar Kórs Akureyrarkirkju verða haldnir **16. desember nk. kl. 17 & 20**

Kórinn mun flytja hið gullfallega jólaverk Marc-Antoine Charpentier, **Messe de Minuit.**

Einsöngvarar: Helena G. Bjarnadóttir, Elvý Hreinsdóttir, Sigrún Arna Arngrímsdóttir,
Michael Jón Clarke og Haraldur Hauksson.

Að venju verður seinni hluti jólasöngvanna helgaður almennum söng.

Kirkjugestir taka þá kröftuglega undir með kórnum, einsöngvurum og organista í þekktum jólalögum.

Organistar og stjórnendur eru Sigrún Magna Þórsteinsdóttir og Eyþór Ingi Jónsson.

Aðgangur er ókeypis.

Nánari upplýsingar um safnaðarstarfið og viðtalstíma prestanna er að finna á heimasíðu kirkjunnar – akureyrarkirkja.is, sími 462-7700

Safnaðarblað Akureyrarkirkju. Ábyrgðarmenn: Gyða Sigþórsdóttir, Óskar Hafsteinn Óskarsson, Sólveig Halla Kristjánsdóttir og Svavar A. Jónsson.
Umbrot og prentun: Prentsmidjan.is